

**9. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019**  
**haldinn í Grímsstofu í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 25. nóvember 11:00–12:30**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir formaður, Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni – grænu framboði), Vilhjálmur Árnason (Sjálfstæðisflokki), Atli Viðar Thorstensen (Rauða krossinum á Íslandi), Bjarni Gíslason (Hálparstarfi kirkjunnar), Ólafur Garðar Halldórsson (Samtökum atvinnulífsins), Ragnar Gunnarsson (Kristniboðssambandinu) og Erna Reynisdóttir (Barnaheillum).

Fundinn sátu að auki:

Jón Erlingur Jónasson, skrifstofustjóri ÞSS, Gísli Þ. Magnússon, skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu, Sara Ögmundsdóttir, sérfræðingur ÞSS og Diljá Mist Einarsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra.

Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólanum á Bifröst) og Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands), tilkynntu forföll. Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokki), Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokki) og Inga Sæland (Flokki fólksins), Birgir Þórarinnsson (Miðflokki), Sara Elísa Þórðardóttir (Pírötum), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn), Logi Einarsson (Samfylkingunni), Marianna Traustadóttir (ASÍ), og Ragnar Schram (SOS Barnaþorpum) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Fundur settur kl. 11:00.

1. Fundur settur.

Formaður bauð fulltrúa velkomna á 8. fund nefndar á árinu, sem er aukafundur sem boðað var til með stuttum fyrirvara. Umfjöllunarefni fundarins er **kynning á útreikningum á framlögum til þróunarsamvinnu sem byggjast á nýjum tilmælum OECD DAC um þann kostnað sem telst til þróunarsamvinnu vegna umsækjenda um vernd og móttöku kvótaflóttafólks**. Nefndarfulltrúar fá afhent minnisblað (UTN19090071) um málið.

Kynning á útreikningum á framlögum til þróunarsamvinnu

Skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu skýrir frá því að ákveðið hefði verið að kynna málið á sama tíma fyrir þróunarsamvinnunefnd og utanríkismálanefnd en sú síðarnefnda hefði verið upplýst í morgun um hvar Ísland stendur varðandi útgjöld til þróunarsamvinnu. Ísland hefur innleitt tilmæli DAC um hvernig aðildarríkin öll hyggjast telja fram kostnað sem vegna hælisleitenda og kvótaflóttafólks. Hins vegar hefur ekki enn borist endanlegt svar frá DAC um hvernig framtali skuli vera hagað, en á fundinum muni hann útlísta hvernig útkoman er skv. okkar gögnum. Rétt sé að halda því til haga að Ísland hafi alltaf fylgt tilmælum DAC. Fyrri tilmæli DAC hafa einnig verið notuð í allri áætlanagerð og það er mikilvægt að fólk skilji líka að Ísland er stíga skref sem er ekki nauðsyn en vilji er til að stíga til að auka trúverðugleika og gagnsæi. Þegar nýjum tilmælum er beitt afturvirkir á árið 2018, þá er framlagið lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt DAC er ekki skylda að innleiða nýju tilmælin að fullu fyrr en árið 2020, en Ísland hefur valið að skoða áhrifin afturvirkir. Jafnframt er mikilvægt að skilja að allar okkar áætlanir vegna þróunarsamvinnu verða þær sömu, tilmælin verða aðeins framsetningu. Eins og allir vita fellur vinna vegna þróunarsamvinnu undir ólíka aðila, sem eru að utanríkisráðuneytinu undanskildu, fjármálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.

Kostnaður hins opinbera sem tengist hælisleitendum og kvótaflóttafólki hefur aukist úr 403 milljónum árið 2014 í 2,3 milljarða 2017. Þetta er tæp sexföld aukning í útgjöldum á þessum tíma. 32% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu sem málaflokks og sem má skilgreina sem slík, fara í kostnað sem varðar hælisleitendur og kvótaflóttafólk. Þessi kostnaður fellur hins vegar niður í 15% árið 2018 ef uppfærðum aðferðum DAC við útreikning er beitt afturvirkir.

Skrifstofustjóri notast við glærur við kynningu sína (sjá viðhengi). Fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir 8.920 milljónum króna í heild til þróunarsamvinnu, sem samsvarar 0,3% af vergum þjódartekjum (VPT). Þar af var reiknað með 704 millj. til innflytjendaráðs og móttöku flóttamanna og 31 milljón vegna tengdrar félagsþjónustu sveitarfélaga, sem fellur undir félagsmálaráðuneytið. Loks var gert ráð fyrir 1.327 milljóna kostnaði tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd, sem er málaflokkur undir umsjá dómsmálaráðuneytisins. Við endurútreikninga í samræmi við nýjar leiðbeiningar DAC, mun þessi kostnaður lækka um 931 milljónir, sem ekki telst lengur til þróunarsamvinnu. Vegna þessara breytinga reiknast árlegt framlag Íslands til þróunarsamvinnu (ODA) 0,27% í stað 0,30% af VPT.

Þessar breytingar eru jafnframt útskýrðar í minnisblaði til nefndarinnar (sjá viðhengi), en það endar á að gera tillögu um að setja á laggirnar starfshóp. Mikilvægt er að átta sig á því að öll vinnan við endurútreikning fyrir þróunarsamvinnu býr til nýja stöðu sem starfshópnum er ætlað að bregðast við.

Eins er starfshópnum sett fyrir að skoða hvort hægt sé að skilgreina með skýrari hætti hvað flokkast undir lögbundna þjónustu við umsækjendur um vernd og móttöku kvótaflóttafólks og hvaða þjónustu Ísland veitir. Slík rýni gefur grunn fyrir samanburð við önnur lönd. Ekki hefur verið sett upp skýrt kerfi um hvernig önnur ráðuneyti taka saman tölurnar, og hvort þau hafa nægjanlega þekkingu og burði til að gera það.

#### Formaður býður fundargestum að taka þátt í umræðum um málið.

Skrifstofustjóri rekstar- og þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins leggur áherslu á að í núverandi framsetningu er miðað við stöðuna eins og hún er í dag, en að enn eigi eftir að fá staðfestingu frá DAC. Þetta endurspeglar einnig þann vanda sem við eigum við að etja við fjárlagagerð, þegar markmiðin eru sífellt á hreyfingu. Þegar verið er að gera upp eftirá þegar kostnaður hvers árs liggur fyrir, þá náum við ekki að vera á okkar viðmiðum. Aðrir þættir hafa áhrif, þjóðartekjur aukast mögulega, eða aðrir þættir dragast saman, kostnaður við kvótaflóttafólk fer kannski umfram það sem áður var áætlað og svo má lengi telja. Þá breytast forsendur frá ári til árs. Þegar sest verður niður til gerðar fjármálaáætlunar næst, verða komnar tölur fyrir 2019, sem áætlanir næsta árs munu byggja á. Sem dæmi, þá skiptir máli hvaðan fólk er að koma. Kostnaður við þá flóttamenn sem fá alþjóðlega vernd, sem flestir fá, er meiri.

Formaður leggur fram þá spurningu hvort það sé ekki eðlilegt að halda sig við 0,30% markið þó þessi tiltekni kostnaður lækki umfram áætlanir.

Nefndarfulltrúi leggur fram þá spurningu hvort eitthvað sé inni í tölunum sem ekki var inni áður, hvort að samsetning kostnaðar sé jafnframt að breytast, ekki bara lækka. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins svarar því til að einhver kostnaður bætist jafnframt við, sem dæmi um slíkt sé kostnaður við fjölskyldusameiningar. Ekki sé ólíklegt að slíkur kostnaður eigi eftir að aukast í útgjaldaliðum félagsmálaráðuneytisins. Enn fremur er bent á það að eftir því sem kostnaður eykst, myndu framlög til þróunarsamvinnu minnka í áætlanagerð í náinni framtíð. Þá er lögð áhersla á að Ísland vilji umfram allt vera samanburðarhæf við önnur lönd, og þetta vinnulag færir okkur mun nær því, auk þess sem ferillinn verði opnari og gagnsærri.

Nefndarfulltrúi þakkar fyrir mjög skýra framsetningu, en leggur áherslu á að það sem veldur áhyggjum er þetta gap, að Ísland sé að færast fjær meðaltali DAC. Árið 1971 var markmið Íslands að ná viðmiðinu um að verja 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Hann biður alla um að hafa það í huga og hvetur jafnframt alla til góðra verka.

Starfsfólk utanríkisráðuneytisins bendir einnig á Ísland vill sjá hvernig aðrar þjóðir bregðast við þessum nýju tilmælum og hvernig þau eru útfærð þar. Það verði eitt af verkefnum nefndarinnar að skoða slíkt.

Nefndarfulltrúi telur gagnlegt að hafa fengið innsýn inn í þau harmónikkúáhrif sem koma fram, það að einn þáttur hefur áhrif á aðra í heildarútreikningum. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins tekur undir það, og bendir jafnframt á að þegar markmið eru sett fram í tímann, byggjast þau á breytu sem tekur breytingum yfir tímarammann, og þá verðum við einnig að setta okkur við frávík. Það sem sett er fram hér er kyrrmynd. Þarna vantar inn tíma sem breytu, og jafnframt þarf að athugast að kostnaður annarra gæti minnkað eða hækkað. Það eru einnig dæmi um að við höfum farið yfir markið hér fyrir á árum. Við munum skoða okkar áætlanir og stöndum við þær árið 2020. Í kjölfarið munum við skoða hvernig árið lítur út þegar það er gert upp.

Nefndarfulltrúi spyr hvort að það sé mat starfsfólks að þessar breytingar muni hafa áhrif á fjármálaáætlun næstu fimm árin. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins benda á að núverandi markmið byggja á þeim viðmiðum sem notumst við í dag, eldri tilmælum. Hins vegar sé það viðfangsefni fyrir starfshóp að meta hvernig bregðast eigi við því. Það eru útfærsluatriði sem eigi eftir að taka á. Vettvangurinn til þess sé í raun og veru fjármálaáætlun. Því meira sem hægt er að vinna í slíkum starfshóp, sem geti einbeitt sér að þessu verkefni, því betra.

Nefndarfulltrúi leggur áherslu á að það vinnulag að leggja útreikninga fyrir þróunarsamvinnunefnd með þessum hætti endurspegli auknið gagnsæi. Slíkt gefi skýrari mynd. Hins vegar er vert að hafa í huga að Ísland sé sífellt undir viðmiðum ef miðað við þá skuldbindingu sem Ísland gerði fyrir tæpum 50 árum. Önnur lönd, þau sem veita framlög sem nema 1% af vergum þjóðartekjum eða miði við 0,7% markmiðið hljóti að fást við sömu óvissuþætti og Ísland, og þau hafi leyst þau mál. 0,7% af vergum þjóðartekjum hljóti að vera markmiðið og Ísland sé alltaf langt frá því.

Skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu þakkar fundargestum fyrir að koma með svo stuttum fyrirvara. Það er fullur vilji að veita eins ítarlegar upplýsingar og mögulegt er, eins og málinu vindur fram. Þá leggur hann áherslu á tvennt. Annars vegar að við eigum eftir að fá endanlegt samþykki frá DAC fyrir því að við séum að útfæra tilmælin rétt. Í

minnisblaðinu er settur fram fyrirvari varðandi það að tölurnar eru óstaðfestar af DAC hálfu. Hins vegar er flækjustigið mikið og þá er gott að setja gögn og stöðuna fram með skýrum hætti. Af þessum sökum er lögð áhersla á að það gildi trúnaður varðandi þau skjöl og upplýsingar sem lagðar hafa verið fram.

Umræðum var þar með lokið. Formaður tekur fram að ekki er reiknað með að annar fundur verði haldinn á árinu, og er fundi slitið.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:45.